

Stjórnarfundur 19.nóv 2014

Mættir: Sigríður, Brynhildur, Þröstur, Fanney, Svava og Jónína.

- Á fundi í skólaráði v/ uppstokkunar á 4. og 7.bekk áður en farið er á milli stiga var niðurstaðan sú að upplýsa foreldra um fyrirhugaðar breytingar fyrr en verið hefur, foreldrar verða boðaðir á fund og ferlið kynnt. Jafnt skal yfir alla ganga og breytingar ekki leyfðar fyrr en á hefur reynt þá eftir að skólastarf hefur hafist að hausti.
- Niðurstaða í máli dægradvalar er að farið verður af stað með ýmsa klúbbastarfsemi fyrir 4.bekk upp í skóla eftir að skóla lýkur.
- Rætt var að öll félög hafi ekki greiðan aðgang af börnunum innan veggja skólans á það við um Gideon og önnur félög. Frekar senda foreldrum skilaboð í gegnum Mentor og foreldrar ræða þá við börnin sín um það sem er í boði.
- Töluvert var rætt um eineltismál og ferlið í kringum þau.
 - Er tengslakönnun gerð reglulega ?
 - Hvernig gengur að halda eineltisáætluninni ?
 - Hversu mörg börn eru að hætta á miðju skólaári v/ eineltis og vanlíðunar ?
 - Hvar finnum við áætlunina um einelti ?
 - Hvert eiga foreldrar að snúa sér þegar upp koma eineltismál gagnvart barninu þeirra ?
 - Sigríður og Brynhildur ætla að biðja um fund með Guðrúnu skólastjóra og Ásthildi námsráðgjafa.
- Brynhildur ætlar að ráðast í að klára símaskrána fyrir nemendur
- Þröstur bókar bekkjarfulltrúa námskeið fyrstu vikunar í janúar
- Fjárhagsleg staða foreldrafélagsins er góð, ógreiddar kröfur eru 86 þann 19.nóv og innistaða 852.000 kr
- Tillaga að breyttu fyrirkomulagi með bekkjarfulltrúa leit dagsins ljós. 2 foreldrar eru bekkjarfulltrúar og svo væru kosnir 2-3 krakkar til að vera með þeim í bekkjarráði. Krakkarnir kjósa sína fulltrúa. Þetta teymi mundi þá skipuleggja einhverja skemmtilega samverustundir fyrir sinn bekk og virkja aðra foreldra og bekkjarfélaga til samvinnu.
- Guðjón í Ekkó kom að máli við okkur og sagði frá hugmyndinni um jólabingó 15.des til styrktar Rjóðrinu. Frábært framtak hjá þeim í EKKÓ og vonandi að allir leggist á eitt við að safna vinningum og mæta í bingó.